

# Loftslag á Íslandi í fornöld.

## I.

Í tímariti landfræðisfélagsins danska (Geogr. Tidskrift), 1914, bls. 205—16, er ritgerð um það efni (Íslands Klima i Oldtiden) eftir prófessor dr. Þorvald Thoroddsen. Ritgerðin er sam-in af miklum lærdómi og lipurð — svona nálægt sextugsafmæli hins merka fræðimanns er ekki nema sjálfsagt að eg hrósi honum dálítið — en niðurstaðan hjá honum hygg eg sé röng. Dr. Þorvaldur heldur nefnilega að loftslagið hafi verið hér um þil eins, allan tíma Íslands bygðar.

Margt mætti telja, sem bendir til þess að svo mundi ekki verið hafa, og skal hér aðeins nefnt fátt eitt, þeirri skoðun til stuðnings, að mildara loftslag hafi verið hér á landi í fornöld, en síðar.

## II.

Nafnið Fljótshlíð er á vorum dögum ekki réttnefni. Það væri réttara að nefna Þverárhlið. Það sem nú er nefnt Þverá, hefir ekki verið til, þegar hliðinni var nafn gefið. Af-fallið hefir líklega ekki heldur verið til í fornöld; nafnið táknar kvísl sem fellur úr fljótinu. Í Njálu bendir fremur til þess, að fljótið hafi verið eitt og óskift, og ekki man eg þar eftir

einu orði sem bendi til annars. Mér virðist jafnvel mjög efasamt, að vatnsfall slíkt sem Markarfljót er nú, hefði nokkur tíma nefnt verið fljót. En á landnámstíð mun hafa verið sjálfsagt að nefna Markarfljót, óskift fljótið að mestu fyrir en framundir ósum, ef til vill, og straumur minni en nú, bæði af því að vatn þetta hafði bor- ið minna undir sig, og eins líklega af því að landið hefir þá legið dálítið lægra í sjónum en nú, að því er virðist ráða mega af Egilssögu kap. 39, og ef til vill fleiru. En á suður- bakka fljótsins var einn af fegurstu skógum á landinu, og hét að því er virðist ráða mega af Njálu, Þors- mörk miklu lengra vestur en nú. Breytingar þær hinar miklu, sem orðið hafa, munu stafa af því að jöklarnir hafa vaxið. En ekki getur þar verið öðru um að kenna, en loftslagsbreytingu.

## III.

Sama verður uppi ef vér athug- um austar. Jökulsá á Sólheimasandi hét áður Fúlilækur. Nú mundi eng- um koma til hugar að nefna það vatn læk, en fylan er þar að vísu ennþá, og mun standa af hverum undir jöklinum. Virðist mér líklegt, að á landnámstíð hafi jökullinn ekki náð fram yfir hverastæðið, og að þá hafi þarna verið sem segir í nafninu, lækur, eem auðvitað aldrei hljóp. A varð þetta og fór að hlaupa, þegar jök- ullinn óx fram yfir hverastæðið. En vöxturinn í jöklinum stafaði aftur af því að loftslag spiltist. Sólheima

Jökull hefir undanfarið falsvert minna  
að aftur, einsog allir jöklar sem  
hefi skoðað hér á landi og áin minna  
nú vera mun minni heldur en þegar  
verst orð fóru af henni, fyrir nokkuð  
um mannsöldrum. Í sömu átt og  
það sem talið var, bendir það  
að áður hefir heitið Raftalækur þar  
sem nú heitir Hverfisfljót.

Í Njálu heitir Lómagnúpsandur  
þar sem menn kalla nú Skeiðarársandur.  
Virðist eðlilegast að skýra þetta  
þannig, að Skeiðará hafi ekki til forna  
verið annað eins vatnsfall og síðar  
varð. Og að miklu hafi munað. Það  
að meira en lítið mun til hafa þurft,  
að önnur eins tröllaborg og Lóma-  
gnúpur gar verið eftir fornri trú.  
slepti þeim sambandstökum sem hann  
hafði, í hugum manna, náð á sand-  
inum.

Stórbyli var til forna þar sem  
nú er Breiðamerkursandur; er það  
rangnefni nú að minnast þar á mörkum.  
því að skógur er þar enginn. Skelja-  
lög undir Breiðamerkurjökli, sem er  
fann 1906 og hefi getið um í rit-  
gerð í tímariti landfræðistélagsins  
Berlín, 1907, eru mjög ung, sennu-  
lega frá því ekki löngu fyrir land-  
námstíð, og sýna að þegar þau  
mynduðust, var þar ekki jökull, en  
sjórinna nokkru hlýrra en hann er  
nú við Suðurland. (Í sömu ferð fann  
eg að hraun hefir runnið úr Örn-  
jökli — ef til vill á sama tíma  
og skeljalögin urðu til — og  
það ekki kunnugt áður).

#### IV.

Mjög stórvægilegar loftslagsbreyt-  
ingar hafa gengið yfir þetta land, löngu  
fyrir landnámstíð, og hafa sumar  
hinar merkilegustu af þessum breyt-  
ingum ekki orðið kunnar fyrr en af  
rannsóknunum mínum (sjá t. d. rit-  
gerð mína í Andvara um loftslags-  
breytingu á Íslandi). Breytingunum  
má líkja við öldugang, og smærri  
öldur altaf á hinum stærri. Þessi  
rúmlega þúsund ár sem Ísland hefir  
verið byggt, hafa ekki verið laus við  
slíkar breytingar, til hins betra og  
til hins verra, þegar talað er frá  
sjónarmiði þeirra, sem landið byggja.  
Og í fornöld virðist varla efmál,  
að loftslag hafi verið hér betra en  
nú. Þinglif slíkt sem segir í sögun-  
um, er varla hugsanlegt með slík-  
um sumrum sem á vorum dögum  
hafa verið á suðurlandi. Og virðist  
það sem af sögunum má ráða koma  
mjög vel heim við vitnisburð jökl-  
anna. Próffessor Þorvaldur virðist af  
Einstöku harðindaárum ráða of mik-  
il um það hvernig loftslagið hafi  
verið yfirleitt. Það mætti eftir hans  
áferð, t. a. m. gera sér mjög skakk-  
ar skoðanir um loftslag, t. d. á  
Frakklandi eða Ítalíu, ef menn hefðu  
ekki annað fyrir sér en annálsfregn-  
ir um allra hörðustu ár.

1161. 1915  
15 júlí

# Loftslag á Ísl. í fornöld

V.

Mjög mikið af því sólskini sem Íslandi veitist, fer í að bræða snjó og is. Vinnumagn jökla og áa, sem stundum vill beita sér mjög til þurftar, er um <sup>breytt</sup> sólarmagn. Nú kunna menn orðið, tókin á því að breyta aftur krafti ána í yl og skin. — Rannsóknir sem í fyrstu voru mjög lítils metnar, og illa studdir, en stundum kröftuglega heftir þeir sem að slíku unnu, hafa til þess sigurs leitt; og er þó litill hjá því sem verða mætti, ef betur gengi að vitkast. Mjög megum vér Íslendingar óska þess, að sem fyrst og best lærist, og auðnist hér, að ná sólskininu úr jökuldrómanum. Og gott land verður Ísland og skemtilegt, þegar þeir eru nógu sterkir og kunnandi sem það byggja. Einsog orðið getur, þó að mjög sé tvísýnt.

12. júlí.

Helgi Pjeturss.